



Reitir fasteignafélag hf.  
Kringlan 4-12  
103 Reykjavík

30. mars 2017

## **Staðfesting á að Reitir standist fjárhagslegar kvaðir í veðhafasamkomulagi**

Vísað er til veðhafasamkomulags vegna almenna tryggingafyrirkomulagsins (e. Security Sharing Agreement) frá 21. nóvember 2014, milli okkar sem veðgæsluaðila (e. Security Agent) ásamt Íslögum ehf., Reita fasteignafélags hf. sem lántaka (e. Borrower), dótturfélaga Reita sem ábyrgðaraðila (e. Obligors) og lánveitenda (e. Creditors) eins og þeir birtast í lista 1 við veðhafasamkomulagið á hverjum tíma.

Í skírteini (e. Compliance Certificate) útgefnu af lántaka dags. 30. mars 2017 kemur fram staða fjárhagslegra kvaða og yfirlýsing um rekstrarhæfi félagsins, hér eftir vísað til sem „skírteini 30. mars 2017“.

Við höfum farið yfir og metið upplýsingar sem voru afhentar samhliða skírteini 30. mars 2017 og sent fyrirspurnir, í þeim tilfellum sem það hefur átt við að okkar mati, á fulltrúa lántaka. Niðurstaða óháðrar yfirferðar okkar er að miðað við 31.12.2016 var staða viðkomandi fjárhagslegrar kvaðar eftirfarandi:

<b>Fjárhagsleg kvöð</b>		<b>Kvöð</b>	<b>Niðurstaða útreiknings</b>	<b>Skilyrði staðist</b>
Loan to Value Ratio:	Veðtryggðar skuldir undir tryggingafyrirkomulagi deilt með veðsettum eignum	Aldrei yfir 70%	61,5%	Já

**PwC staðfestir hér með að Reitir standist fjárhagslega kvöð í veðhafasamkomulaginu vegna almenna tryggingafyrirkomulagsins miðað við dagsetninguna 31. desember 2016.**

Fyrir hönd PwC sem veðgæsluaðila,

Friðgeir Sigurðsson  
fridgeir.sigurdsson@is.pwc.com